



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGODINN

## Mikilvæg atriði

- Um 75% nemenda kominn í skólafatnað
- Skólakynningar í næstu viku.
- Vantar bækur á bókasafnið.
- Ekki af skólalóð á skólatíma.
- Nýtum bílastæðin.



## Börnin okkar eru einstök

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Fyrstu vikur skólaársins hafa gengið mjög vel. Allir í skólasamfélaginu eru að ná föttestu með nýrri tímatöflu, kynnst nýjum einstaklingum í hópi nemenda og starfsfólks og stór hluti að öðlast betri skólafærni.

Allir árgangar eru nú komnir með varanlega stundatöflu en smá lagfæringar þurfti að gera til að uppfylla réttan stundafjölda skv. viðmiðurnarstundaskrá.

Pöntun og afgreiðsla skólafatnaðar hefur gengið vel. Settir voru upp sérstakir pöntunar- og máttunardagar og voru þeir vel nýttir. Auk þess hafa þeir sem ekki áttu heimangengt komið á skólatíma og náðst hefur að afgreiða flesta. Ég vil hins vegar biðja foreldra sem eiga eftir að

panta að hringja áður þannig að tryggt sé að einhver aðili í skólanum geti tekið á móti þeim.

Mikilvægt er að foreldrar / forráðamenn merki skólafatnaðinn. Slíkt er hægt með því að merkja innan í hverja flik. Einnig er hægt að láta sauma nöfn nemenda í flikurnar. Það er t.d. hægt í Myndsauði við Reykjavíkurveg.

Nú þegar hefur 75% nemenda pantað og fengið skólafatnað afgreiddan. Viðtökur eru því sannarlega frábærar. Skólinn hefur fengið þó nokkra umræðu vegna þessa og hefur hún fyrst og fremst einkennst af bjartsýni og jákvæðni í garð þessarar tilraunar.

Á næstu tveimur vikum verða skólakynningar í öllum árgöngum. Við uppsetningu var tekið mið af

því að foreldrar / forráðamenn gætu átt börn í fleiri en einum árgangi. Nánar um skólakynningar á baksíðu.

Nýverið var opnuð verslun í námunda við skólann. Að því tilefni vil ég itreka að nemendur eiga ekki að yfirgefa skólalóðina á skólatíma. Vil ég biðja foreldra / forráðamenn að ræða þessi mál við börnin.

Að lokum vil ég hvetja foreldra / forráðamenn til að vera í góðu sambandi við starfsfólk skólans.

Börnin okkar eru einstök og eiga það skilið að við hugsum vel um þau.

**Leifur S. Garðarsson**

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is))

„...hvetja foreldra til að vera í góðu sambandi við starfsfólk skólans“.

## Bókasafn

Nú er að fara af stað skipulagsvinna á skólabókasafni Áslandsskóla. Þó nokkuð af bókaöfjum bærust skólanum sl. vetur auk skipulagðra bókakaupa. Enn vantar þó nokkuð af bókum á safnið okkar og því langar okkur að biðla til þeirra sem eru aflögufærir.

Ef einhvers staðar liggja bækur sem gætu komið að góðum notum á skólabókasafninu og eigendur mega missa þær til okkar er slíkt vel þegið.

Viðkomandi aðilar geta komið með bækurnar í skólann á skólatíma á skrifstofu skólans.

## Stigstjórn

Stigstjórar verða á kennslustigunum þremur, yngri stigi, miðstigi og unglingastigi í skólanum í vetur.

Hlutverk stigstjóra er m.a. að taka þátt í að stýra vinnu á sínu stigi, fylgjast með kennsluáætlunum, námsmati og námsáætlunum ásamt ýmsum skipulagsstörfum.

**Stigstjórar skólaárið 2003-2004 verða:**

Ástríður Einarsdóttir, á yngri stigi til 1. janúar 2004.

Hulda Gunnarsdóttir, á yngri stigi frá 1. janúar 2004.

Jóhanna Rútsdóttir, á miðstigi allt skólaárið.

Kristín Jóna Magnúsdóttir, á unglingastigi allt skólaárið.


# SKÓLAKYNNINGAR

Skólakynningar eru nú að fara af stað í skólanum.

Á skólakynningu mæta foreldrar, ekki nemendur, til að kynna sér skólastarfið í vetur.

Dagskráin hefst á sal skólans þar sem Leifur S. Garðarsson, skólastjóri, mun ávarpa hópinn. Að því loknu fara foreldrar með umsjónarkennurum í heimastofur.

Einnig er gert ráð fyrir því að bekkjartenglar úr hópi foreldra fái tækifæri til að fara yfir starf vetrarins.



Dagskrá kynninga er eftirfarandi:

## Mánudagur 22.09.2003

Kl. 18:00 - 2. bekkur

Kl. 19:00 - 3. bekkur

## Þriðjudagur 23.09.2003

Kl. 18:00 - 8. og 9. bekkur

## Miðvikudagur 24.09.2003

Kl. 18:00 - 4. bekkur

Kl. 19:00 - 6. bekkur

## Fimmtudagur 25.09.2003

Kl. 17:00 - 7. bekkur

## Þriðjudagur 30.09.2003

Kl. 18:00 - 5. bekkur

Sérstakt skólafærninámskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk er nú í undirbúningi og verður kynnt sérstaklega til þess hóps.


Við ætlum að gera allt framúrskarandi vel.



## SKÓLASÖNGURINN

Í Áslandsskóla öll við læra viljum  
Í Áslandsskóla erum stillt og hljóð  
Okkar nýju skólareglur skiljum  
Skulum vera bæði góð og fróð

Í Áslandsskóla öll við ábyrgð berum  
Á okkar hegðun hvar sem förum við  
Að kynnst lífi í öðrum löndum erum  
Lífi barna er biðja öll um frið



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is

## NÝTUM BÍLASTÆÐIN

Nokkuð hefur borið á því þegar foreldrar koma að skólanum að þeir leggja bílum sínum upp við gangstétt næst skólanum. Slíkt er óhentugt og getur í raun verið stórhættulegt þar sem nemendur eru þ.a.l. að hlaupa á milli bíla þegar þeir fara yfir gangbraut á bílastæði. Ökumenn eru því hvattir til að nota þau fjölmörgu, sérútbúnu bílastæði sem máluð hafa verið. Til þess eru þau víst ætluð.



**WWW.ASLANDSSKOL**

**I.IS**

## Flórgoðinn

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri